

Akureyrarbær
Anna Bragadóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. janúar 2013
Tilvísun: UST20121100152/ksj

Tillaga að breytingu aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018. Íbúðar- og stofnanasvæði í Giljahverfi

Vísað er til erindis skipulagsdeildar Akureyrarbæjar er barst 28.nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018. Breytingin felur m.a. í sér að íbúðarsvæði nr. 1.42.1 Íb og svæði fyrir þjónustustofnanir nr. 1.42.2. S stækka. Ný götutenging inná íbúðarsvæðið verður frá Borgarbraut.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018

Tillaga að breytingu felst í því að áformað er að byggja sérhæfðar þjónustuíbúðir við íbúðar- og stofnanasvæði í Giljahverfi. Vegna áformanna þarf að breyta mörkum á stofnanasvæði og íbúðarsvæði til að gera lóð fyrir þjónustuíbúðir. Íbúðarsvæði nr. 1.42.1 Íb stækkar um u.þ.b. 0,6 ha og svæði fyrir þjónustustofnanir nr. 1.42.2. S stækkar um u.þ.b. 0,4 ha á kostnað óbyggðs svæðis norðvestan stofnanalóðarinnar.

Svæði fyrir þjónustuíbúðir

Ofangreint svæði þar sem áformað er að byggja sérhæfðar þjónustuíbúðir á er í dag opið og óbyggt svæði sem rammast inn af Borgarbraut í norðri, stofnanasvæði í austri og suðri og íbúðarbyggð til vesturs. Í tillögu að breyttu aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018 kemur fram að umferð að lóð fyrir þjónustuíbúðir mun koma beint af Borgarbraut, en áætlað er að byggja hringtorg á þeim gatnamótum. Nú þegar er tenging nokkru vestar inn í hverfið af Borgarbraut inn á Merkigil, og ættu þessar tvær tengingar að lækka umferðarhraða.

Umhverfisáhrif

Áætlað er að byggja hringtorg á gatnamótum Borgarbrautar, Bugðusíðu og innkeyrslu að lóð þjónustuíbúðar. Samkvæmt skýrslu verkfræðistofunnar Eflu er nefnist *Niðurstöður – Skoðun á hljóðvist við hringtorg á gatnamótum Borgarbrautar og Bugðusíðu*, er þörf á mótvægisáðgerðum á áhrifasvæði gatnamóta Borgarbrautar og Bugðusíðu. Með gerð hringtorgs færast akbrautir nær húsunum við gatnamótin og þar með hækkar hljóðstigið við

útvegg þeirra. Tekið er á umhverfisáhrifum í tillögu að deiliskipulagi Borgarbraut - Vestursíða annars vegar og tillögu að deiliskipulagi Giljahverfis - Giljaskóli og Borgarbraut hins vegar.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018.

Virðingarfyllst

Olafur A Jónsson
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun